

Nr. 062 / 09 Renus**Tók niðri á Breiðafirði**

Skipaskr.nr. 1724
 Smíðaður: Hafnarfirði 1985, Plast
 Stærð: 5,69 brl. 5,28 bt.
 Mesta lengd: 8,3 m Skráð lengd: 8,11 m
 Breidd: 2,59 m Dýpt: 1,2 m
 Vél: Sole 7kW, 1985
 Fjöldi skipverja: 8



Renus©RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 14. júní 2009 var seglskútan Renus á siglingu á Breiðasundi á leið inn á Hvammsfjörð. Veður: Logn

Þegar siglt var fyrsta legg inn á Hvammsfjarðarröst bar bátinn suður úr siglingamerkjum með þeim afleiðingum að hann tók niðri á Liggjandaflögu.

Vegna bilunar í vél missti hún afl að mestu og bar straumur bátinn inn í Röstina en bátsverjar gátu aðeins haldið við hann.

Óskað var eftir aðstoð og kom fljótlega slöngubátur frá Fellsströnd sem gat aðstoðað bátsverja við stjórn Renus þar til skemmtibáturinn Axel Sveinsson kom og dró hann til Stykkishólms.



Komið með Renus til hafnar©mbI

Ekki kom leki að bátnum en það brotnaði lítillega úr kjölnum og einhver ákoma var á blýi.

Við rannsókn kom fram:

- að siglt var eftir Garmin 525 siglingatölvu sem var með siglingaleið skrifaða. Samkvæmt henni var báturinn fyrir sunnan leiðina og stjórnandi

kvaðst hafa beygt til bakborða en það hefði ekki verið nógu mikið til að hafa við straum;

- að leiðarmerki (tvær vörður) voru fyrir þessa siglingaleið, fremri á Steinaklettum og aftari á Barkarnaut;
- að stjórnandi kvaðst hafa séð þessi merki en ekki notað þau heldur einblínt á siglingatölvuna á siglingunni;
- að stjórnandinn hafði siglt þarna um áður en það hefði verið á liggjanda. Samkvæmt honum gerðist atvikið um hálfri klst. fyrir flóð í Stykkishólmi;
- að flóðmunur í Stykkishólmi og Hvammsfjarðarröst eru tæpar 3 klst.

Nefndarálit:

Nefndin telur að orsök strandsins megi rekja til skorts á góðri sjómennsku. Þegar siglt er um leið sem mörkuð er leiðavörðum og vel til þeirra sést eru það bestu aðstæður sem hver skipstjóri hefur til öruggrar siglinga en skipstjórinn ákvað þess í stað að hafa alla athyglina á rafrænni siglingu skútunnar.